

## FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 14. desember, var haldinn 38. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 15.02. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Tui Hirv, Nichole Leigh Mosty og Renata Emilsson Peskova. Einnig sátu fundinn með fjarfundabúnaði: Achola Otieno, Anna Kristinsdóttir og Tómas Ingi Adolfsson, sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð er fram skýrslan Hvað segir mamma – Börn af erlendum uppruna í Kvennaathvarfinu, ódags., sem gefin var út af Kvennaathvarfinu.

Drífa Jónasdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

- Kl. 15.20 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum.

2. Lögð er fram móttökuáætlun fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna, ódags., frá ÍTR og Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Gerður Sveinsdóttir og Jóna Hildur Bjarnadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

3. Lögð er fram skýrslan ICC Index Analysis 2020 – Reykjavík, ódags., sem gefin var út af Evrópuráðinu.

Barbara J. Kristvinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

4. Lögð er fram umsögn fjölmeningarráðs, dags. 9.12.2020, um drög að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

5. Lagt er fram erindi frá stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna, ódags., um Fjölskylduhjálp Íslands.

Loubna Anbari tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar tekur heilshugar undir þær áhyggjur sem koma fram í yfirlýsingunni frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna varðandi framkomu Fjölskylduhjálpar í garð skjólstaðinga sinna af erlendum uppruna. Ráðið óskar eftir að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fari fram á það við Fjölskylduhjálp Íslands að skilað sé greinargerð um hvernig tryggt sé að unnið sé gegn mismunum og að jafnrétti við úthlutun samtakanna. Þetta er í samræmi við grein 12.3. í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og styrkjareglur Reykjavíkurborgar. Ráðið óskar jafnframt eftir að upplýsa velferðarráð um þessar áhyggjur fulltrúa grasrótariðnar sem beint var til fjölmeningarráðs. Ráðið þakkar jafnframt fyrir kynningu á stöðu á tillögu um átak gegn fordómum sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs í febrúar 2019 og var í frekari útfærslu samþykkt á sameiginlegum fundi ofbeldisvarnarnefndar, mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og menningar-íþróttá og tómsundaráðs þann 19. nóvember s.l um sameiginlegt átak gegn fordómum hjá öllum starfsstöðvum borgarinnar. Ráðið óskar eftir að fá að fylgjast með frekari útfærslu verkefnisins.

**Fundi slitið kl. 17.01**

Sabine Leskopf

Hildur Björnsdóttir  
Tui Hirv

Renata Emilsson Peskova  
Nichole Leigh Mosty